

Vellutini og Michel gegn Frakklandi

Dómur frá 6. október 2011

Mál nr. 32820/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Stjórnámálamenn. Starfsmenn stéttarfélaga.

1. Málsatvik

Kærendur, Bernard Vellutini og Cédric Michel, eru franskir ríkisborgarar fæddir árin 1957 og 1979. Þeir eru búsettir í bæjunum Lunel og Hostens í Frakklandi og eru formaður og ritari stéttarfélags lögreglumanna í héraðinu. Lögreglukona sem var félagsmaður átti í deilum við bæjarstjóra í bæ einum í héraðinu og þegar hann veitti henni formlega áminningu höfðu kærendur afskipti af málinu sem talsmenn stéttarfélagsins. Með aðstoð annars kæranda kærði lögreglukonan ákvörðun bæjarstjórans til dómstóla. Í kjölfarið gagnrýndi bæjarstjórinn hana opinberlega í viðtölum í fjölmiðlum. Lögreglukonan lagði fram formlega kvörtun vegna framferðis bæjarstjórans en auk þess gáfu kærendur út og dreifðu bæklingi meðal bæjarbúa þar sem þeir gagnrýndu framgöngu bæjarstjórans í málinu. Bæjarstjórinn höfðaði meiðyrðamál gegn tvímenningunum. Héraðsdómur sakfelldi þá fyrir meiðyrði og dæmdi þá til greiðslu sekta og skaðabóta auk þess sem birta þurfti dóminn á heimasíðu stéttarfélagsins. Áfrýjunardómstóll staðfesti síðar þessa niðurstöðu. Í dóminum kom fram að kærendur hefðu misnotað sér aðstöðu sína og tjáningarfrelsi sem ábyrgðarmenn í stéttarfélagi til að breiða út ásakanir án nægra sönnunargagna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að sakfelling þeirra og refsing fyrir meiðyrði hefði brotið gegn 10. gr. og 11. gr. sáttmálans þar sem ummæli þeirra hefðu verið hluti af starfi þeirra í þágu stéttarfélags og beinst gegn kjörnum fulltrúa í bæjarfélaginu.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á mikilvægi þess að kærendur hefðu látið frá sér ummælin sem málsvarar stéttarfélags. Ummælin hefðu tengst máli eins félagsmanns stéttarfélagsins og beinst að yfirmanni lögreglukonunnar. Þau hefðu hvorki falið í sér gagnrýni á hann persónulega né pólitísk stefnumál hans. Þá hefði bæjarstjórinn sjálfur tjáð sig um málið í fjölmiðlum áður en bæklingur kæranda kom út. Ummælin voru því hluti umræðu sem varðaði hag almennings og nutu sem slík aukinnar verndar sáttmálans. Kærendur hefðu jafnframt gætt þess að nafngreina ekki bæjarstjórnann og hefðu ummælin á engan hátt beinst að persónu hans heldur eingöngu framferði hans. Dómstóllinn áréttaði að einstaklingar hefðu almennt aukið svigrúm til að setja fram málefnalega gagnrýni á stjórnámálamenn enda væru þeir opinberar persónur sem þyrftu ávallt að vera tilbúnir að verja gerðir sínar gagnvart kjósendum. Þar sem deilan sem mál þetta snerist um hefði einkennst af harkalegum ummælum á báða bóga varð að heimila aðilum ákveðið svigrúm í framsetningu ummæla sinna. Dómstóllinn fékk ekki séð að ummæli kæranda hefðu verið það svívirðileg eða meiðandi að þau rúmuðust ekki innan tjáningarfrelsis stéttarfélaga. Þar að auki höfðu kærendur boðist til að færa fram sönnunargögn til að sýna fram á sannleiksgildi ummæla sinna fyrir landsdómstólum. Því hefði hins vegar verið hafnað á grundvelli formreglna.

Dómstóllinn taldi að þær sektir og bætur sem kærendur voru dæmdir til að greiða hefðu verið í miklu ósamræmi við afleiðingar og eðli ummæla þeirra. Slík skerðing á tjáningarfrelsi starfsmanna stéttarfélags var að mati dómstólsins ekki nauðsynleg í lýðræðissamfélagi og braut því gegn 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Frakklandi gert að greiða kærendum hvorum um sig 4.000 evrur í miskabætur og sameiginlega 6.338 evrur vegna málskostnaðar.

Einn dómari skilaði sératkvæði.

